

Mál nr. 113/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar M hjá V****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns í tengslum við málningarvinnu 28.02.2020.****Gögn.**

Málskot móttækið 30.03.2020 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Bréf V dags. 08.04.2020 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir forsvarsmaður M atvikum svo að fyrirtækið hafi tekið að sér það verkefni að mála þrjár íbúðir. Við þann starfa hafi límband verið sett meðfram veggjum á loftaplötur til að varna því að veggjámálning færi á loftið. Þegar límbandið hafi verið fjarlægt, hinn 28. febrúar 2020, hafi filma af loftaplötunum rifnað af með þeim afleiðingum að mála þurfti öll loft aftur. M krefst þess að bætur verði greiddar úr ábyrgðartryggingu þess vegna áðurnefnds tjóns.

Með bréfi til M sem dagsett var hinn 3. mars 2020 hafnaði V bótakröfunni með þeim rökum að um væri að ræða tjón á munum sem vátryggður hefði tekið að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti og yrði tjón af slíku verki eða við það tæki vátryggingin ekki til þess samkvæmt undantekningarákvæði í skilmálum.

M mótmælir þessari afstöðu og telur umrætt skilmálaákvæði ekki ná til tjónsins þar sem um sé að ræða tjón á húshluta eða byggingarefni en ekki „munum“. Þá sé ekki um það að ræða að loftaplöturnar hafi skemmt og ekki sé farið fram á að þær sem slíkar séu bættar heldur hafi orðið tjón við verkið sem olli því að mála þurfti loftið að nýju. Því hafi orðið tjón í atvinnurekstri M og sé það bótaskyldt úr vátryggingu þess.

Í bréfi sínu til nefndarinnar ítrekar V þá afstöðu sína að áðurnefnt undantekningarákvæði skilmálanna eigi við. Þannig hafi það verið órjúfanlegur hluti verksins að verja loft íbúðarinnar og verði því að lita svo á að M hafi, í skilningi umrædds vátryggingarskilmála, unnið við loft íbúðanna. Þá nái hugtakið „munir“ til m.a. fasteigna en ekki aðeins lausafjár. Auk þess liggi ekkert fyrir um það að M hafi rækt starfann með þeim hætti að stofnast hafi til skaðabótaskyldu þess, þvert á móti megi lita svo á að það hefðbundin og nauðsynleg aðgerð að verja fleti með límbandi á þennan hátt. Að endingu tekur V fram að umræddri vátryggingu sé ætlað að bæta tjón þriðja aðila en ekki vátryggingartaka og þar sem ekkert liggi fyrir um að þriðji aðili hafi orðið fyrir tjóni séu skilyrði 2. gr. vátryggingarskilmálanna ekki uppfyllt. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Samkvæmt þágildandi skilmálum umræddrar vátryggingar tekur vátryggingin til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkams- eða munatjóns sem verður í tengslum við starfsemi hans, sbr. 2. gr. Fallist er á það með V að hugtakið „munir“ í þessu samhengi nái til fasteigna jafnt sem lausafjár. Í 3. gr. viðeigandi skilmála er svo að finna upptalningu þess sem vátryggingin tekur ekki til. Í-liður ákvæðisins er svohljóðandi: „Tjón á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.“ Tjón á málningu á umræddum loftaplötum atvikaðist með þeim hætti að málningarlímband var límt á plöturnar til að varna því að veggjamálning smitaðist á loftið við málun veggjanna. Límbandið var svo fjarlægt með þeim afleiðingum að málningarfilma á loftaplötunum festist við límbandið og fór af. Ekki verður annað séð en að það sé eðlileg framkvæmd við málningarvinnu að verja aðliggjandi fleti, og verður að telja þessa aðgerð hluta þess verkefnis að mála veggina. Verður því að lita svo á að M hafi verið að vinna við loftaplöturnar umrætt sinn. Þar af leiðandi á áðurnefnt undanþáguákvæði við og er bótaréttur úr ábyrgðartryggingu M því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12. maí 2020
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.